

# Félag skólastjórna í Reykjavík

Skýrsla stjórnar 2014-2016

3. október 2016

## Inngangur

Á aðalfundi Félags skólastjórnenda í Reykjavík sem haldinn var 3. október 2014 voru eftirtaldir kosnir í stjórn félagsins til næstu tveggja ára:

- Guðlaug Erla Gunnarsdóttir skólastjóri Ingunnarskóla, formaður.
- Hanna Guðbjörg Birgisdóttir skólastjóri Háaleitisskóla, varaformaður.
- Margrét Einarsdóttir skólastjóri Vesturbæjarskóla, gjaldkeri.
- Örn Halldórsson skólastjóri Grandaskóla, ritari.
- Krístrún Guðjónsdóttir deildarstjóri Foldaskóla, meðstjórnandi.

## Varamenn

- Björk Jónsdóttir skólastjóri Brúarskóla.
- Kristinn Breiðfjörð skólastjóri Foldaskóla.

## Skoðunarmenn reikninga

- Börkur Vígbórsson skólastjóri Ölduselsskóla.
- Árni Freyr Sigurlaugsson deildarstjóri í Fossvogsskóla.

Kristinn Breiðfjörð gekk úr varastjórn félagsins í byrjun árs 2016.

Stjórn lagði upp með eftirfarandi áherslur í starfi sínu á kjörtímabilinu:

- Stuðla að enn betri þjónustu við börnin í borginni.
- Standa fyrir fræðslu fyrir félagsmenn og skapa aðstöðu fyrir hópinn til að hittast og efla andann.
- Eiga gott samstarf við skólayfirvöld Reykjavíkurborgar og stafsmenn skóla- og frístundasviðs.
- Sækja eftir auknu fjármagni til faglegrar stjórnunar eftir töluverðan niðurskurð í þessum málaflokki.
- Vekja athygli á bágrri fjárhagsstöðu skólanna og óska eftir úrbótum með tilliti til nýs úthlutunarlíkans fjármagns.
- Óska eftir auknu gagnsæi í rekstrarstöðu hvers skóla með skilvirkari vinnuáferðum fjármáladeildar skóla- og frístundasviðs.

Það er mat stjórnar að töluverður tími hafi farið í umræðu um fjármál grunnskólanna, úr sér gegnið úthlutunarlíkan, kjarasamninga og nýtt vinnumat, sveigjanleika til faglegrar stjórnunar, þjónustustig við börnin í borginni og úrræðaleysi fyrir börn með fjölþættan vanda. Stjórnin stóð fyrir árlegum námsferðum á Bifröst og reglulegum fræðslu- og skemmtifundum. Góð þátttaka var á þessa viðburði og almenn ánægja með það sem boðið var uppá.

Eftir margra ára baráttu um bætt fjárhagsumhverfi ákvað Reykjavíkurborg á haustdögum að bregðast við ákalli stjórnenda. Þarna er um að ræða spor í rétta átt til leiðréttingar á erfiðri rekstrarstöðu skólanna. Væntingar eru um að nýtt úthlutunarlíkan fjármagns muni leiðrétta

stöðuna enn frekar en yfirvöld skólamála Reykjavíkur hafa gefið fyrirheit um að nýtt úthlutunarlíkan verði tilbúið á vordögum 2017.

Nauðsynlegt er að fylgja þessum málum vel eftir, svo að skólar í Reykjavík megi verða í fremstu röð með eftirsóknarvert starfsumhverfi.

## Fundir

### Félagsfundir og námsferð

Stjórn félagsins stóð fyrir tíu félagsfundum þar sem ýmis fræðsluerindi voru flutt og málefni líðandi stundar rædd. Félagið stóð einnig fyrir tveimur námsferðum á Bifröst fyrir skólastjórnendur í samvinnu við SFS.

1. **félagsfundur:** Haldinn 27. nóvember 2014 Grand hótél. Andri Snær Magnason hélt erindi fyrir félagsmenn. Óskað var eftir hugmyndum frá félagsmönnum fyrir vetrarstarfið.
2. **félagsfundur:** Haldinn 26. febrúar 2015 á Bifröst. Félagsmönnum var skipt í hópa eftir starfsheitum og rætt um það sem brennur á hjá hverjum hópi.
3. **félagsfundur:** Haldinn 28. apríl 2015 í Ingunnarskóla. Umræður um framkvæmd nýs kjarasamnings kennara. Á fundinn komu fulltrúar frá SFS. Áhyggjum stjórnenda á útfærslu nýs kjarasamnings kennara komið á framfæri við stjórnendur SFS.
4. **félagsfundur:** Haldinn 4. maí 2015 í Laugarlækjarskóla. Á fundinn kom Svanhildur Ólafsdóttir formaður SÍ og fór yfir stöðuna í kjaramálum skólastjórnenda. Stjórn sendi áskorun til formanns skóla- og frístundaráðs í kjölfar fundarins vegna fjármagns í C-hluta vinnumats kennara.
5. **félagsfundur:** Haldinn 8. maí 2015 í Iðnó. Vorfundur félagsins, ræðumaður kvöldsins var Hanna Guðbjörg Birgisdóttir en síðan komu Davíð Ólafsson og Stefán Helgi og skemmtu fundarmönnum.
6. **félagsfundur:** Haldinn 12. nóvember 2015 á Grand hótél. Fræðslufundur þar sem Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur flutti erindi sitt: Um hugarfar í mótvindi. Einnig var óskað eftir hugmyndum félagsmanna fyrir vetrarstarfið.
7. **félagsfundur:** Haldinn 17. febrúar 2016 á Bifröst. Rætt um vinnumatið og það sem brennur á félagsmönnum.
8. **félagsfundur:** Haldinn 17. mars 2016 í Sæmundarskóla. Jafningjafræðsla þar sem kynntar voru þrjár meistaraprófsritgerðir og umræður í kjölfarið.
9. **félagsfundur:** Vorfundur félagsins haldinn 29. apríl 2016 í Iðnó. Ræðumaður kvöldsins var Helgi Árnason og síðan kom Sigga Kling og skemmti fundarmönnum.

**Námsferðir:** 26. - 27. febrúar 2015 var farin námsferð á Bifröst. Sigrún Gunnarsdóttir fjallaði um þjónandi forystu.

17.- 18. febrúar 2016 var farin námsferð á Bifröst. Ingileif Ástvaldsdóttir og Halldór Ingi Guðmundson fjölluðu um leiðbeinandi samtöl út frá hugmyndum Viviane Robinson og fleiri fræðimanna.

Góð þátttaka félagsmanna var í þessum námsferðum og almenna ánægja. Greinilegt er að félagsmenn hafa áhuga á svona viðburðum.

### **Aðrir óformlegir félagsfundir**

Skólastjórar hittust einnig utan hefðbundinna félagsfunda. Vorið 2015 og haustið 2016 var rætt um vinnumat og útfærslu á kjarasamningum kennara. Mikið álag var á skólastjórum vegna vinnumats og hvernig leysa mætti gæslu nemenda. Í lok ársins 2015 og byrjun ársins 2016 voru haldnir nokkrir fundir vegna fjárhagsstöðu skólanna. Í framhaldi var send ályktun til borgarstjóra, formanns skóla- og frístundaráðs og fjölmiðla þar sem áhyggjur skólastjóra af fjárhagsstöðu grunnskólanna voru áréttaðar. Fleiri opnir umræðufundir voru haldnir til að ræða það sem var efst á baugi hverju sinni.

### **Stjórnarfundir**

Stjórn félagsins fundaði reglulega á tímabilinu og eru fundargerðir aðgengilegar á vef félagsins <http://skolastjorar.grunnskolar.is/>

### **Fundir skóla- og frístundaráðs**

Formaður félagsins eða varaformaður í forföllum formanns var áheyrnafulltrúi skólastjóra á fundum skóla- og frístundaráðs. Fulltrúi skólastjóra í Reykjavík sat samtals 39 fundi á tímabilinu og lagði fram sextán bókanir. Innihald þess sem fulltrúi félagsins lagði fram á fundum ráðsins má finna á vef félagsins, í fundargerðum ráðsins og í fylgiskali 3.

### **Aðrir fundir**

Formaður sat formanna- og trúnaðarmannafundi Skólastjórafélags Íslands árin 2015 og 2016. Stjórnin sat fundi með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga í samninganefnd til að ræða stöðu í kjarasamningum kennara.

Fulltrúar skólastjórnenda og kennara í Reykjavík sendu frá sér áskorun til sveitarfélaga, ríkis og fleiri aðila 12. apríl 2015, vegna barna í vanda í skólakerfinu, í samvinnu við Samfok og fleiri hagsmunasamtök. Formaður sat fund með skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna þessa erindis og nokkra fundi með fulltrúum frá Samfok og fleiri hagsmunasamtökum. Ásgeir Beinteinsson var fulltrúi skólastjórnenda á málþingi sem hópurinn stóð fyrir um þetta málefni.

### **Skólamálahópur**

Engir formlegir fundir voru haldnir hjá skólamálahópnum á þessu tímabili.

### **Stuðningsteymi**

Skólastjórar í stuðningsteymi komu að nokkrum málum á tímabilinu og kom það vel fram hversu mikilvægt þetta teymi er.

### **Tengsl við skólayfirvöld**

Stjórn félagsins hefur ávallt talið mikilvægt að gott samstarf sé milli félagsins og skólayfirvalda í borginni. Stjórnin setti sér það markmið í upphafi að kalla eftir reglulegum fundum með skólayfirvöldum til að ræða ýmis mál sem snúa að grunnskólunum og því sem er efst á baugi hjá stjórnendum í borginni hverju sinni. Stjórnin ásamt bakhópi úr skólastjórahópnum, sem kallaður var til vegna erfiðrar rekstrarstöðu, átti tvo fundi með formanni skóla- og frístundaráðs

og sviðstjóra SFS. Á fundi 21. desember var lagt fram skriflegt erindi málefnum til stuðnings og á fundi 8. janúar var lögð fram ályktun þar sem skólastjórar lýsa yfir verulegum áhyggjum yfir fjárhagslegri stöðu gunnskólanna í borginni og skertri þjónustu við nemendur.

## **Umsagnir**

Umsögn um stefnu SSH, skólar og menntun í fremstu röð. Desember 2014

Umsögn um tillögu að stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík. September 2016.

## Fylgiskjöl

### Fylgiskjal 1

## Lög fyrir Félag skólastjórnenda í Reykjavík

### Nafn

#### 1. gr.

Félagið heitir Félag skólastjórnenda í Reykjavík og er deild í Skólastjórafélagi Íslands. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

### Hlutverk félagsins er

#### 2. gr.

- a) Að fara með málefni félagsmanna í Skólastjórafélagi Reykjavíkur.
- b) Að vinna að bættum kjörum félagsmanna sinna.
- c) Að stuðla að umbótum í fræðslu- og uppeldismálum í Reykjavík.
- d) Að vinna að aukinni menntun félagsmanna.
- e) Að stuðla að kynningu milli félagsmanna og efla faglega umræðu meðal þeirra.
- f) Að efla skólastarf í Reykjavík í hvívetna og kynna það sem best.
- g) Að annast tengsl við sambærileg félög innanlands sem erlendis og stuðla að samskiptum við aðrar þjóðir.

### Aðild að félaginu eiga

#### 3. gr.

Aðild að félaginu eiga þeir félagar Skólastjórafélags Íslands sem starfandi eru í grunnskólum í Reykjavík.

### Aðalfundur

#### 4. gr.

Aðalfund félagsins skal halda annað hvert ár í október. Til fundarins skal boðað með eins mánaðar fyrirvara. Rétt til setu á aðalfundi hafa allir félagsmenn. Einum mánuði fyrir aðalfund auglýsir stjórn félagsins eftir framboðum til stjórnar. Tillögur skulu hafa borist stjórn, tveimur vikum fyrir aðalfund.

### Dagskrá aðalfundar

#### 5. gr.

- a) Fundarsetning og skipan fundarstjóra og fundarritara.
- b) Skýrsla stjórnar.
- c) Reikningar lagðir fram.
- d) Lagabreytingar.
- e) Kosningar:
  - Kosning skoðunarmanna reikninga.
  - Kosning formanns og varaformanns.
  - Kosning þriggja meðstjórnenda.

- f) Önnur mál.

### **Kosningar**

#### **6. gr.**

- a) Kjósa skal sérstaklega formann og varaformann. Auk þeirra skal kjósa þrjá meðstjórnendur sem skipta með sér verkum og tvo til vara.
- b) Kjósa skal tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara.
- c) Kjósa skal bundinni leynilegri kosningu, ef stungið er upp á fleirum en kjósa á. Að öðrum kosti teljast þeir sjálfkjörnir sem tilnefndir hafa verið.

### **Stjórn**

#### **7. gr.**

Stjórn félagsins skipa fimm menn, kjörtímabil stjórnar er tvö ár og eru stjórnarmenn kjörnir á aðalfundi félagsins. Að frátöldum formanni og varaformanni skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórn heldur stjórnarfundum svo oft sem þurfa þykir.

### **Almennir félagsfundir**

#### **8. gr.**

Stjórn Félags skólastjórnenda í Reykjavík boðar til almennra félagsfunda. Skyld er að boða til almenns fundar ef 10% eða fleiri krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.

### **Um gjörðabækur**

#### **9. gr.**

Ritari félagsins heldur gjörðabækur og fundargerðir skulu samþykktar á stjórnarfundum og undirritaðar af ritara og formanni. Fundargerðir stjórnar og nefnda skulu birtar félagsmönnum á aðgengilegan hátt t.d. með netpósti.

### **Fjárreiður og bókhald**

#### **10. gr.**

Gjaldkeri félagsins hefur umsjón með fjárreiðum þess og bókfærslu og leggur fram reikninga undirritaða af skoðunarmönnum félagsins. Auk þess skal hann gefa stjórn yfirlit yfir stöðuna a.m.k. einu sinni á ári.

### **Lagabreytingar**

#### **11. gr.**

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins enda hafi breytingarnar verið kynntar í fundarboði. Tillögur um lagabreytingar þurfa að hafa borist stjórn þrem vikum fyrir aðalfund og skulu þær kynntar félagsmönnum eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Til þess að breyting nái fram að ganga verður hún að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atvæða.

## **Gildistaka**

### **12. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar aðalfundur Félag skólastjórnenda í Reykjavíkur hefur samþykkt þau.



## Fylgiskjal 2

### **Starfshópar á kjörtímabili stjórnar 2014-2016**

Félagsmenn í Félagi skólastjórnenda í Reykjavík hafa setið/sitja í ýmsum starfshópum og nefndum á starfstíma stjórnar. Um er að ræða hópa á vegum Félags skólastjórnenda í Reykjavík, skóla- og frístundasviðs og annarra aðila. Sumir þessara hópa hafa lokið störfum og skýrslur verið gefnar út en aðrir eru enn að störfum.

### **Fulltrúar stjórnenda í undirbúningshópi fyrir Öskudagsráðstefnuna**

Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir aðstoðarskólastjóri Austurbæjarskóla og Margrét Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri Kelduskóla.

### **Úthlutunarnefnd almennra styrkja og þróunarstyrkja:**

Anna Sigríður Pétursdóttir, aðstoðarskólastjóri Breiðholtsskóla.

### **Starfshópur um samfelldan skólalag.**

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri Kelduskóla

### **Starfshópur um lýðheilsu og heilsueflingu barna og unglunga í leik- grunn- og frístundastarfi á vegum SFS.**

Óskar Sigurður Einarsson skólastjóri Fossvogsskóla.

### **Starfshópur um fjárhagslega rýningu á Skóla- og frístundasviði.**

Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla.

### **Starfshópur um innritun barna í grunnskóla oftast en einu sinni á ári.**

Ásta Bjarney Elíasdóttir skólastjóri Húsaskóla.

### **Starfshópur sem taki til endurskoðunar ákveðna lykilorði í rekstri SFS.**

Þorsteinn Sæberg skólastjóri í Árbæjarskóla.

### **Starfshópur sem innleiðingu vinnumats.**

Sif Vígbórsdóttir skólastjóri Norðlingaskóla, Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri Kelduskóla, Örn Halldórsson skólastjóri Grandaskóla, Óskar Sigurður Einarsson skólastjóri Fossvogsskóla, Hólmfríður G. Guðjónsdóttir skólastjóri Hólabrekkuskóla og Guðlaug Erla Gunnarsdóttir skólastjóri Ingunnarskóla.

### **Starfshópur um hvernig megi auka vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum borgarinnar.**

Hildur Jóhannesdóttir skólastjóri Dalskóla

### **Starfshópur um niðurstöðunnar varðandi Mentor og álit Persónuverndar.**

Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla

### **Starfshópur um Miðstöð máls og læsis.**

Jónína Rós Guðmundsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu Norðlingskóla.

### **Starfshópur um aukinn sveigjanleika milli grunn- og framhaldsskóla.**

Börkur Vígbórsson skólastjóri í Ölduselsskóla

**Starfshópur um endurskoðun úthlutunarlíkans fyrir grunnskóla borgarinnar.**

Jóhanna Vilbergsdóttir skólastjóri Vættaskóla, Sif Vígbórsdóttir skólastjóri Norðlingskóla og Örn Halldórsson skólastjóri Grandaskóla

**Starfshópur um hlutverk öryggisvarðar í öryggisnefnd SFS.**

Jóhann Skagfjörð aðstoðarskólastjóri Fellaskóla

**Starfshópur um aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi SFS.**

Jónína Emilsdóttir skólastjóri í Vogaskóla

**Starfshópur um forvarnir.**

Ester Helga Líneyjardóttir aðstoðarskólastjóri í Kelduskóla.

## Fylgiskjal 3

### **Bókun á 66. fundi skóla- og frístundaráðs 1. október 2014**

Áheyrnarfulltrúi skólastjórnenda í grunnskólum lagði fram svohljóðandi trúnaðarbókun á fundi skóla- og frístundaráðs 1. október 2014 þegar fjallað var um drög að fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2015:

Fulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík fagnar aukinni fjárveitingu til stuðnings við börn með fjölbættar raskanir svo skólarnir geti betur sinnt skyldu sinni gagnvart þessum nemendahópi. Einnig er það þakklátt að aukið fjármagn sé sett í aukna áherslu í að efla lestrarfærni nemenda.

Fulltrúi skólastjórnenda tekur undir það sem fram kemur í starfs- og fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs að mikilvægt sé að leggja áherslu á framsækna stjórnun þar sem stefna, hlutverk og markmið SFS eru skýr um leið og stjórnunin einkennist af ásetningi til umbóta. Ásamt því að auka sveigjanleika og sjálfstæði kennara og skólastjórnenda til að þróa, bæta og auka fjölbreytni í skóla- og frístundastarfi, í samráði og samstarfi. Fulltrúa skólastjórnenda þykir miður að fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 gefi ekki svigrúm til viðbótar stjórnunar eða sveigjanleika í skipulagi í grunnskólum Reykjavíkur og minnir á að frá árunum 2009-2010 hefur viðbótar stjórnunarkvótinn verið dregin saman um 50%. Nauðsynlegt er að skapa betri skilyrði í grunnskólunum til faglegrar þróunar og gera stjórnendum kleift að vera þeir faglegu leiðtogar sem þeir eiga að vera svo grunnskólar Reykjavíkur geti verið í fararbroddi í faglegrri þróun.

### **Bókun á 67. fundi skóla- og frístundaráðs 15. október 2014**

Fulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík fagnar því að mat verði lagt á notkun upplýsingatækni í grunnskólum borgarinnar og að hugað verði sérstaklega að því að stuðla að jöfnuði nemenda hvað varðar tæknibúnað. Einnig ber að fagna því að sviðið hafi hug á að gera átak í símenntun kennara í þessum málaflokki. Á sama tíma er því komið á framfæri að nauðsynlegt er að endurskoða þjónustu UTD við grunnskóla borgarinnar í samræmi við þróun í upplýsingatækni og aukningu á notkun snjalltækja í kennslu. Þörf er á því að skoða kostnað og umfang þjónustu UTD og kanna hvort þjónustan sé nægilega skilvirk og hagkvæm eins og fyrirkomulagið er í dag. Nauðsynlegt er að tryggja að skólarnir fái fjárhagslegt svigrúm til að sinna þessum málum svo sómi sé af, bæði hvað varðar tæknibúnað, þjónustu og kennslumagn.

### **Bókun á 70. fundi skóla- og frístundaráðs 3. desember 2014**

Skýrslur um lesskimum og stærðfræðiskimum eru hugsaðar til þess að koma upplýsingum um stöðu einstaklinga í lestri og stærðfræði svo skóli og heimili geti brugðist við stöðu einstakra nemenda með viðeigandi úrræðum. Fulltrúi skólastjórnenda í Reykjavík sér ekki tilgang í því að birta þessar skýrslur á heimasíðum skólanna og telur að þetta geti verið viðkvæmar upplýsingar sem ekki á að birta í heild sinni. Vert er að geta þess að skólar í Reykjavík eru mjög ólíkir hvað varðar nemendasamsetningu og geta slíkar upplýsingar verið viðkvæmar og ekki samanburðarhæfar.

### **Bókun á 73. fundi skóla- og frístundaráðs 4. febrúar 2015**

Áheyrnarfulltrúar kennara, skólastjórnenda, foreldra grunnskólabarna, foreldra leikskólabarna og forstöðumanna frístundamiðstöðva óska bókað:

Í Reykjavíkurborg er unnið eftir stefnunni „Skóli án aðgreiningar“ sem er metnaðarfull og góð stefna. Til þess að sú skólastefna gangi upp þarf hins vegar að tryggja stuðning og þjónustu við öll börn. Í dag er staðan þannig að þjónusta og stuðningur við börn með hegðunarför, kvíða, tilfinningavanda, geðræn vandamál, málhömlun, vímuefnavanda og þroskahamlaðir er engan veginn viðundandi. Biðlistinn á BUGL er meira en ár, biðlistinn hjá Talþjálfun Reykjavíkur er 12-18 mánuðir og dæmi eru um að börn í ákveðnum hverfum borgarinnar þurfi að bíða í 2 ár eða meira eftir greiningum og þjónustu. Á meðan beðið er eftir þjónustunni vex vandinn og verður í sumum tilfellum óyfistíganlegur fyrir bæði skólann og heimilin.

Í þriðju grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir:

Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Aðildarríki eiga að sjá til þess að stofnanir og þjónusta sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnvöld hafa sett, sérstaklega um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón.

Við skorum á Reykjavíkurborg og ríki að bregðast nú þegar við og uppfylla ákvæði laga og Barnasáttmálans um stuðning og þjónustu við börn í vanda. Hvert og eitt barn er dýrmætt og á aðeins eina æsku, þann tíma sem barn er án greiningar og/eða þjónustu er erfitt að bæta upp síðar.

Það sem bæta þarf er að: uppræta biðlista og grípa fyrr inn í mál, áður en vandinn er orðinn óyfistíganlegur, auka sérfræðiþjónustu í skólum, styðja betur við fjölskyldur og fjölga meðferðarúræðum fyrir börn í miklum vanda.

Ljóst er að skortur á þjónustu við eitt barn getur gert skólagöngu þess og einnig barna í sömu bekkjardeild eða skóla óbærilega.

### **Bókun á 80. fundi skóla- og frístundaráðs 3. júní 2015**

Skólastjórnendur í Reykjavík skora á yfirstjórn skólamála í Reykjavíkurborg að skapa fjárhagslegan sveigjanleika til dreifstjórnunar og ábyrgðar á faglegum verkefnum í grunnskólum borgarinnar.

Ljóst er að yfirstjórn skólamála í Reykjavíkurborg mun ekki setja fjármagn í C hluta vinnuáætlinga grunnskólakennara til að skapa sveigjanleika til dreifstjórnunar. Í síðustu kjarasamningum var ákveðið fjármagn eyrnamerkt þessum mikilvægum málum, en skólastjórar gátu þá ráðstafað því fjármagni (pottflokkar) til kennara til að greiða þeim fyrir sérstaka vinnu og ábyrgð á faglegum verkefnum.

Í þessu samhengi er bent á að árið 2009 var 30% niðurskurður á stjórnunarkvóta til grunnskólanna og árið 2010 var 20% niðurskurður á stjórnunarkvóta til grunnskólanna, samtals hefur því stjórnunarkvótinn dregist saman um 50% eftir hrun.

Nú er því enn búið að skerða þann sveigjanleika sem skólastjórnendur hafa til dreifstjórnunar og úr því þarf að bæta sem allra fyrst svo grunnskólar Reykjavíkur geti verið í fararbroddi í faglegri þróun.

Að endingu er bent á að í bókinni *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* kemur fram að þátttaka í öllum megin ákvörðunum, valddreifing og sjálfsstæði starfsmanna er talin

lykilatriði í farsælli stjórnun. Rannsóknir sýna að nemendur skóla sem nýta sér mannauðinn með dreifstýrðri forystu ná betri árangri í námi en í þeim skólum þar sem stjórnunin er í höndum fárra aðila.

### **Trúnaðarbókun frá fulltrúum skólastjórnenda og kennara í grunnskólum á 81. fundi skóla- og frístundaráðs 24. júní 2015**

Vert er að benda á að laun grunnskólakennara hafa hækkað um 20 – 25% eftir síðustu kjarasamninga og mun sérúthlutun í sérkennslu ekki hækka í samræmi við þessa kjarasamningshækkun. Þetta mun koma niður á þjónustu við nemendur sem þurfa á sérkennslu að halda og má því búast við að þjónustan skerðist þá um 20-25% sem er mikið áhyggjuefni.

### **Trúnaðarbókun frá fulltrúum skólastjórnenda og kennara í grunnskólum á 81. fundi skóla- og frístundaráðs 24. júní 2015**

Fulltrúar kennara og skólastjórnenda í grunnskólum í skóla- og frístundaráði gera alvarlegar athugasemdir við það að í starfs- og fjárhagsáætlun skóla- og frístundaráðs sé ekki gert ráð fyrir fjármagni til að sinna gæslu í grunnskólum borgarinnar. Nýgerður kjarasamningur við grunnskólakennara gerir ráð fyrir að mögulega geti einhverjir kennarar tekið að sér gæslu sem rúmast innan 1800 stunda ársframlags. Það er hins vegar vandséð að margir kennarar hafi tíma innan 1800 stundanna til að sinna þessu starfi og því mikilvægt að gert sé ráð fyrir fjármagni til að greiða fyrir þá aukavinnu til að tryggja öryggi og velferð nemenda.

### **Bókun á 83. fundi skóla- og frístundaráðs 26. ágúst 2015**

Skólastjórnendur í Reykjavík lýsa yfir verulegum áhyggjum af þeirri alvarlegu stöðu sem upp er komin nú í upphafi skólaársins vegna skipulag gæslu í hléum nemenda. Skólastjórnendur hafa það verkefni að skipuleggja gæslu í hádegishléi og frímínútum nemenda en eru í þeirri stöðu að vera klemmdir á milli fjárskorts og skorts á vinnuframlagi til gæslu. Þessi staða er komin upp í kjölfar túlkunar nýs kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og þess fjármagns sem úthlutað er til skólanna í þennan málaflökk.

Vert er að nefna að nauðsynlegt er að skapa skólastjórnendum faglegt svigrúm til að sinna því stjórnunarumfangi sem starf í grunnskólum kallar á.

Skólastjórnendur vilja einnig ávarpa að það sé leitt að draga þurfi úr tíma til faglegs starfs til að skapa svigrúm til gæslu.

### **Bókun á 85. fundi skóla- og frístundaráðs 23. september 2015**

Fulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík telur engar forsendur fyrir því að um áramótin 2015-2016 að virkja hinar nýju reglur borgarráðs frá 18. júní 2015, um færslu fjárheimilda á milli ára, gagnvart grunnskólum borgarinnar. Fram kemur í niðurstöðum starfshóps sem borgarstjóri skipaði 4. október 2014 til að rýna skóla- og frístundasvið fjárhagslega að það verði ekki forsendur til þess fyrr en við árslok 2017, svo fremi sem að því markmiði verði náð að klára nýtt úthlutunarkerfi fyrir undirbúning fjárhagsáætlunar 2017.

Þessu til skýringar er vísað til bréfs frá skólastjórum 16. september síðastliðinn um færslu fjárheimilda á milli ára sem stílað var á sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

### **Bókun á 85. fundi skóla- og frístundaráðs 23. september 2015**

Fulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík og fulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur vilja koma því á framfæri að staðan við innleiðingu á nýju lokamati í grunnskóla er óviðunandi. Það að ekki séu komnar skýrar línur um með hvaða hætti á að meta nemendur inn í framhaldsskóla í upphafi þess skólaárs sem verið er að innleiða nýja aðalnámskrá er óásættanlegt og veldur streitu í skólasamfélaginu. Óskað er eftir því að skóla- og frístundasvið beiti sér fyrir því að fá skýrar línur í það með hvaða hætti á að standa að útskrift nemenda í 10. bekk næstkomandi vor. Jafnframt er bent á að nauðsynlegt er að skólasamfélagið hafa aðkomu að samræðu og ákvörðunum varðandi þessar stóru breytingar í skólaumhverfinu.

### **Bókun á 87. fundi skóla- og frístundaráðs 28. október 2015**

Fulltrúar skólastjórnenda og kennara í Reykjavík sendu frá sér áskorun til sveitarfélaga, ríkis og fleiri aðila 12. apríl síðastliðinn, vegna barna í vanda í skólakerfinu, í samvinnu við Samfok og fleiri hagsmunasamtök. Þessi áskorun er ítrekuð þar sem staðan er enn þannig að þjónusta og stuðningur við börn með hegðunarvanda, kvíða, tilfinningavanda, geðræn vandamál, málhömlun, vímuefnavanda og þroskahamlanir er engan veginn viðundandi. Biðlistinn á BUGL, Þroska- og hegðunarstöð og Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins er lengri en ár, algengt er að biðlisti hjá talmeinafræðingum sé 12-18 mánuðir og dæmi eru um að börn í ákveðnum hverfum borgarinnar þurfi að bíða í 2 ár eða meira eftir greiningum og þjónustu. Á meðan beðið er eftir þjónustunni vex vandinn og verður í sumum tilfellum óyfirstíganlegur fyrir bæði skólann og heimilin.

Skorað er á Reykjavíkurborg í samvinnu við ríkið að bregðast við þessum vanda með öllum tiltækum ráðum. Uppræta þarf biðlista og grípa fyrr inn í mál, áður en vandinn er orðinn óyfirstíganlegur, auka sérfræðiþjónustu í skólum, styðja betur við fjölskyldur og fjölga meðferðarúræðum fyrir börn í miklum vanda.

### **Bókun á 90. fundi skóla- og frístundaráðs 16. desember 2015**

Áheyrnarfulltrúar skólastjórnenda í grunn- og leikskólum í skóla- og frístundaráði gera alvarlegar athugasemdir við að hagræðingarkrafa á leik- og grunnskóla júní 2015 hafi ekki verið kynnt stjórnendum um leið og borgarráðssamþykkt lá fyrir. Skóla- og frístundasvið hefði þurft að kynna stjórnendum þetta og taka upp samræður um með hvaða hætti þetta yrði útfært. Skólarnir hafa verið að endurskoða starf sitt frá vorinu 2009 með hagræðingu í huga og ljóst er að ef um frekari hagræðingu er að ræða er þörf á að endurskoða þá þjónustu sem leik- og grunnskólar í Reykjavíkurborg hafa fram að þessu veitt.

### **Bókun á 92. fundi skóla- og frístundaráðs 27. janúar 2016**

Áheyrnarfulltrúar kennara og skólastjóra í skóla- og frístundaráði lýsa yfir áhyggjum af fjárhag grunnskólanna í borginni. Nú stendur fyrir dyrum 670 milljóna króna niðurskurður fyrir árið 2016 og 955 milljóna niðurskurður fyrir árið 2017. Eftir hrun var mikill niðurskurður í grunnskólunum og hefur sá niðurskurður ekki verið bættur. Hagræðingartillögur þær sem nú liggja á borðinu eru með þeim hætti að reynt er að verja grunnþjónustu við nemendur sem mest og er það vel. Stærsta áhyggjuefnið er ef þær hugmyndir sem nú eru á borðinu ná ekki fram að ganga og niðurskurðurinn verði þá tekinn annars staðar frá. Varað er við flötum niðurskurði á skólana sem þegar búa við alltof þröngan kost. Einnig þarf að vinna með starfsmönnum að

liðnum samnýting húsnæðis GRUNN og FRÍ og passa upp á að vinnuaðstæður kennara verði ekki lakari en nú er.

#### **Bókun á 94. fundi skóla- og frístundaráðs 24. febrúar 2016**

Áheyrnarfulltrúar kennara og skólastjóra í Reykjavík leggja fram eftirfarandi bókun:

Starfshópur um börn og ungmenni með fjölþættan vanda hefur nú skilað niðurstöðum á sinni vinnu. Þeirra vinna skilaði mörgum góðum tillögum varðandi málefnið.

Vandi nemenda með með fjölþættan vanda í grunnskólanum hefur vaxið hratt á undanförunum árum og hefur skólinn of fá úrræði til að bregðast við. Langur biðlisti er í þau úrræði sem í boði eru, s.s. ráðgjöf frá Brúarskóla, greiningar, sálfræðiráðgjöf og pláss á þeim deildum sem sinna nemendum með sérþarfir. Mikilvægt er að ráða fleira fagfólk s.s. þroskaþjálfara, talkennara, námsráðgjafa og annað starfsfólk með sérhæfingu til að sinna þeim fjölbreytta nemendahópi sem skólarnir eru að sinna. Í dag eru stuðningsfulltrúar of mikið með börnin sem eru í mestum vanda.

Öllum á að geta liðið vel og vera öruggir í grunnskólunum en til þess að svo megi verða þarf að skapa viðeigandi úrræði fyrir þennan nemendahóp og slíkt kallar á aukið fjármagn. Í könnun sem lögð var fyrir skólastjórnendur fyrir um það bil ári síðan kom fram að um það bil 200 nemendur með fjölþættan vanda í grunnskólum borgarinnar fái ekki þjónustu sem hæfir þeim. Við þessu þarf að bregðast og telur skólafólk mikilvægt að fá aukna þjónustu inn á gólf í skólunum en ekki eingöngu þjónustu sem lítur að ráðgjöf til kennara.

Áheyrnarfulltrúar kennara og skólastjóra í skóla- og frístundaráði skora á borgaryfirvöld að bregðast við þessum vanda hið fyrsta, setja aukið fjármagn til skólanna og koma tillögum starfshópsins í verk hið fyrsta svo skólarnir geti sinnt þessum nemendum sem skildi.

#### **Bókun á 102. fundi skóla- og frístundaráðs 10. ágúst 2016**

Áheyrnarfulltrúar kennara, skólastjórnenda og foreldra barna í grunnskólum fagna því að skóla- og frístundaráð ætli að endurskoða fjármagn til að efla starf náms- og starfsráðgjafa, umsjónarkennara og annarra aðila sem vinna með nemendum sem glíma við kvíða og lítið sjálfstraust. Mikilvægt er að forgangsraða fjármagni með velferð og líðan nemenda að leiðarljósi. Kennarar og stjórnendur finna fyrir auknum kvíða meðal nemenda og aukinni fjarveru vegna þessa og því mikilvægt að bregðast við til að snúa þeirri þróun við.

#### **Bókun á 104. fundi skóla- og frístundaráðs 14. september 2016**

Áheyrnarfulltrúar skólastjórnenda og kennara í leik- og grunnskólum fagna því að Reykjavíkurborg ætli að setja inn viðbótar fjármagn fyrir haustönn skólanna og breyta vinnureglum varðandi yfirfærslu halla og afgangs frá árinu 2015. Þetta er jákvæð viðleitni til að bæta þá alvarlegu fjárhagsstöðu sem skólarnir búa við í dag. Þetta er spor í rétta átt til að efla skólastarfið og ýta undir betri líðan og árangur nemenda sem og starfsmanna. Væntingar eru um að nýtt úthlutunarlíkan fjármagns muni leiðrétta stöðuna enn frekar og skapa réttlátari dreifingu fjármagns á milli starfsstöðva.